

## Umsögn um sýni af vatni frá Hlíðartungu

Magnús Ólafsson

Greinargerð MÓ-84/05

UMSÖGN UM SÝNI AF VATNI FRÁ HLÍÐARTUNGU Í ÖLFUSI.

Þann 12. apríl síðastliðinn, var farið að Hlíðartungu í Ölfusi til þess að kanna jarðhita þar. Jarðhiti er nánast enginn á yfirborði í landi Hlíðartungu, en 5 til 6 gráðu heitt vatn streymir upp um nokkur augu í skurði skammt suður af bænum. Tekið var sýni af þessu vatni, um 10 til 15 sm ofan við vatnsborð í skurðinum. Ljósar útfellingar sjást á gróðri umhverfis útstreymisopin. Niðurstöður efnagreiningar þessa sýnis eru sýndar í meðfylgjandi töflu (styrkur efna í mg/kg):

Hiti	5.3
pH/C	9.79/20.9
SiO <sub>2</sub>	19.27
Na	29.48
K	0.63
Ca	1.08
Mg	0.255
CO <sub>2</sub>	33.27
SO <sub>4</sub>	2.01
H <sub>2</sub> S	0.0
Cl	9.40
F	0.22
Uppl. efni	90.20

Eins og fram hefur komið, þá er hiti vatnsins lágur, og efnasamsetning og útreikningar byggðir á henni, benda ekki til að unnt sé að fá nýtanlegt heitt vatn á þessum stað. Efnagreiningin útilokar þó ekki, að heitt vatn gæti fengist með borun í nágrenninu, en trúlega er þetta grunnvatn, sem hefur blandast afrennslisvatni frá jarðhitasvæði. Ekki tókst að safna sýnishorni af útfellingum til greiningar, en efnagreining vatnsins bendir til að þær séu kalk, eins og við er að búast úr slíku vatni.

Viðnámsmælingar hafa verið framkvæmdar víða í Ölfusi í leit að jarðhita. Með slíkum mælingum er fundið eðlisviðnám

bergs á mismunandi dýpi, en það er einkum háð hita, vatnsinnihaldi og gerð bergsins, svo og seltu jarðvatnsins. Viðnámsmæling, sem gerð var á línu N-S austan við veginn upp að Hvammi, á móts við Hlíðartungu, bendir ekki til jarðhita á þessum slóðum, þ.e. þar mældist hátt viðnám.

Þessa dagana er verið að leggja síðustu hönd á nokkra úttekt á jarðhita á bæjunum að Gljúfurárholti og Bakkárholti, og líkur eru til að borað verði á öðrum hvorum staðnum á þessu ári. Mér þykir því rétt, að fylgst verði með árangri borunar þar, því ekki er loku fyrir það skotið, að þar fáiast nægilegt vatn fyrir nokkra bæi.

Að lokum vil ég geta þess, að vorið 1970 lét NLFÍ bora holu að Sogni í Ölfusi. Holan var upphaflega 608 m djúp, en hún var síðan dýpkuð í rúma 900 m sumarið 1972. Holan var fóðruð í 68 m með 6" fóðringu og hún gaf, með dælingu, a.m.k. 5 l/sek af u.þ.b. 70 stiga heitu vatni og var vatnsborð þá á 45 til 50 m dýpi. Reynt var að hitamæla holuna síðar, en þá reyndist hún vera stífluð.